



Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Rammisamningur "Sjúvarfang"- EES útboð nr. 15002

Tilboð í ofangreint útboð voru opnuð þann 30. mars sl. Þessu útboði var skipt í þrjá hluta. Heimilt var að bjóða í einstakan hlut, tvo hluta eða alla hluta.

Hlutarnir voru: hluti 1: Ferskur fiskur, hluti 2: Frosinn fiskur og hluti 3: Unnar fiskvörur.

Alls buðu fimm fyrirtæki: Djúpið fiskvinnsla ehf, Norðanfiskur ehf, Fiskikóngurinn ehf, Hafið fiskverslun ehf og Fisherman og buðu þau svona:

Hluti	Djúpið fiskvinnsla	Norðanfiskur	Fiskikóngurinn	Hafið	Fisherman
1 Ferskur fiskur	x	x	x	x	x
2 Frosinn fiskur		x			x
3 Unnar fiskvörur	x	x	x	x	x

Samkvæmt grein 0.8 í útboðsgögnum mun kaupandi taka lægstu gildu tilboðum í hverjum hluta og samið verður við að hámarki þrjá aðila í hluta 1, hámarki þrjá aðila í hluta 2 og að hámarki þrjá aðila í hluta 3.

Samið verður við þá bjóðendur sem bjóða lægsta samtals vegið heildarverð í hverjum hluta.

Innkaupaskrifstofa er búin að yfirfara tilboðin hvað varðar fjárhagslegt og tæknilegt hæfi og er niðurstaðan þessi.

Í hluta 1 voru þrjú lægstu tilboðin gild og því er lagt til að semja við þau fyrirtæki sem buðu þau en þau voru:

- Fisherman ehf
- Norðanfiskur ehf
- Hafið fiskverslun ehf

Í hluta 2 buðu einungis tvö fyrirtæki og voru tilboð þeirra bæði gild og því lagt til að semja við þau sem voru:

- Norðanfiskur ehf
- Fisherman ehf

Í hluta 3 voru þrjú lægstu tilboðin gild og því er lagt til að semja við þau fyrirtæki sem buðu þau en þau voru:

- Fisherman ehf
- Norðanfiskur ehf
- Djúpið fiskvinnsla ehf

Gildistími samnings er fjögur ár frá því að samningur kemst á. Hægt er að segja samningi upp með þriggja mánaða fyrirvara, í fyrsta lagi níu mánuðum eftir gildistöku samnings.

Virðingarfyllst,
Óskar Long Einarsson
Sérfræðingur
Innkaupaskrifstofa